

## **Grunnskólinn í Þorlákshöfn leitar eftir tveimur öflugum starfsmönnum:**

Ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2024. Um er að ræða hlutastörf sem hægt er að hafa í launadreifingu.

Í skólanum eru um 260 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglast í einkunnarorðum skólans: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er grænfánaskóli sem hefur innleitt uppeldisstefnuna *Uppeldi til ábyrgðar* ásamt áherslu á teymiskennslu. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálum af miklum metnaði og er húsnaði skólans gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnaði grunnskólans. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

### **Starfsmanni í frístundastarf barna í Þorlákshöfn**

Óskað er eftir drífandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi í 40% starf í frístundastarf barna og unglunga í Þorlákshöfn.

#### **Í starfinu felst eftirfarandi:**

- Vinna við Frístund er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Sumarfrístund er starfrækt á sumrin þar sem boðið er upp á heils- og hálf dags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn. Áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

#### **Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með börnum er skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt góðri samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Jóhannesdóttir, forstöðumaður frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, [soleyj@olfus.is](mailto:soleyj@olfus.is) og/eða Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn í síma 845-0467, [jonina@olfus.is](mailto:jonina@olfus.is)

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS. Starfið hentar öllum kynjum. Sótt er um í gegnum vef sveitarfélagsins:

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skila rafrænt á heimasíðu Ölfuss [www.olfus.is](http://www.olfus.is) fyrir 1. maí 2024

## Stuðningsfulltrúi

Óskað er eftir ábyrgum, drífandi og hugmyndaríkum einstaklingi í 80% stuðningsfulltrúastarf.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoða nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi.
- Að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda.
- Aðstoða nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð
- Leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Uppeldismenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af starfi með börnum á leik- og/eða grunnskólaaldri
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og framtakssemi
- Ábyrgðarkennd og skipulagshæfni
- Ánægja af að starfa með börnum
- Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til þess að fylgja eftir stefnu skólans, að vinna með öðrum og búa jafnframt yfir frumkvæði og getu til að vinna sjálfstætt

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri Grunnskólans Í  
Þorlákshöfn í síma 845-0467, [jonina@olfus.is](mailto:jonina@olfus.is)

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS. Starfið hentar öllum kynjum. Sótt er um í gegnum vef sveitarfélagsins:

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skila rafrænt á heimasíðu Ölfuss [www.olfus.is](http://www.olfus.is) fyrir 1. maí 2024